

Hvað er mat á umhverfisáhrifum?

Mat á umhverfisáhrifum er mat á áhrifum sem framkvæmdir kunna að hafa á umhverfið í viðum skilningi jafnt á framkvæmda- sem og rekstrarstigi. Lög um mat á umhverfisáhrifum tóku gildi 1. maí 1994. Lögin voru síðan endurskoðuð og tóku ný lög gildi 25. maí 2000 (nr. 106/2000). Breyting á þeim lögum tók síðan gildi 24. maí 2005 (nr. 74/2005).

Tilgangur og markmið

Markmið með lögum um mat á umhverfisáhrifum er að:

- Tryggja að farið hafi fram mat á umhverfisáhrifum áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmdum.
- Draga eins og kostur er úr hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmda.
- Stuðla að samvinnu allra hagsmunaaðila framkvæmdarinnar eða þá sem láta sig málið varða.
- Kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda og mótvægisáðgerðir gegn þeim.
- Gefa almenningi kost á að koma á framfæri athugasemdum áður en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda liggur fyrir.

Mikilvægt er að átta sig á því grundvallaratriði að lögum um mat á umhverfisáhrifum var ekki komið á til þess að hindra að þær framkvæmdir sem hefðu neikvæð umhverfisáhrif í för með sér fengju framkvæmdaleyfi. Allar verklegar framkvæmdir hafa áhrif á umhverfið. Með mati á umhverfisáhrifum er umhverfisþáttum komið inn í ákvarðanatöku á formlegan hátt.

Matskylda framkvæmda

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum er skilgreint hvaða framkvæmdir eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Matskyldum framkvæmdum er skipt í tvo flokka: Framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum (1. viðauki laga nr. 106/2000) og framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum hafi þær í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar (2. viðauki laga nr. 106/2000).

Matsferlið

Mat á umhverfisáhrifum er í eðli sínu þverfaglegt og byggir á rannsóknum ýmissa ólíkra áhrifaþátta. Við rannsóknarvinnu sem stunduð er í tengslum við mat á umhverfisáhrifum er reynt að finna úrlausnir sem miða að því að draga úr og/eða bæta fyrir hugsanlega umhverfisáhrif framkvæmda. Þessar úrlausnir, gjarnan nefndar mótvægisáðgerðir, eru oft þungamiðjan í matsvinnu.

Mat á umhverfisáhrifum fylgir ákveðnu ferli og er einn af lokapáttum þess gerð matsskýrslu. Hún lýsir niðurstöðum matsvinnunnar og er gerð hennar í höndum framkvæmdaraðila. Þar sem mat á umhverfisáhrifum krefst sérþekkingar á ýmsum sviðum, ráða framkvæmdaraðilar oft til sín ráðgjafa til þess að vinna skýrsluna.

Matsskýrslan gerir grein fyrir þeim áhrifum sem framkvæmdin mun hafa á umhverfið, jafnt jákvæðum sem neikvæðum. Áhrifin eru síðan vegin og metin ásamt öðrum þáttum áður en að ákvarðanatöku kemur.

Hlutverk almennings í matsferlinu er mikilvægt. Almennigur veitir framkvæmdaaðilum aðhald og getur haft áhrifum á framvindu mála áður en ákvörðun um framkvæmdaleyfi er tekin með því að leggja fram athugasemdir um framkvæmdina til Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun skal gefa rökstutt álit sitt um mat á umhverfisáhrifum á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og umsögnum ýmissa aðila. Í álitu Skipulagsstofnunar skal gera grein fyrir helstu forsendum matsins, þ.m.t. gildi þeirra gagna sem liggja til grundvallar matinu, og niðurstöðum þess. Jafnframt skal í álitinu fjalla um afgreiðslu framkvæmdaraðila á þeim athugasemdum og umsögnum sem bárust við kynningu á frummatsskýrslu. Telji Skipulagsstofnun að setja þurfi frekari skilyrði fyrir framkvæmdinni eða gera þurfi aðrar eða frekari mótvægisáðgerðir en fram koma í matsskýrslu skal stofnunin tilgreina skilyrðin og mótvægisáðgerðirnar og færa rök fyrir þeim.

Framkvæmdin er háð ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmda- og byggingaleyfis og er kæránlegt til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála innan mánaðar frá því að ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis liggur fyrir.

Vaxandi kröfur

Reynsla í öðrum löndum hefur sýnt að kröfur um gæði matsvinnunnar fara sífellt vaxandi. Kröfurnar snúa að mörgum grundvallarþáttum en má þar einkum nefna:

- Sérþekkingu og reynslu
- Markvissa aðferðafræði
- Hlutleysi í umfjöllun
- Skýra framsetningu

Reynslan sýnir einnig að sé höndum kastað til við þessa vinnu verður ávinningurinn lítil og skilar sér oft ekki í öðru en auknum kostnaði og töfum á framkvæmdum og framkvæmdaleyfi. Starfsfólk **VGK-Hönnunar** er meðvitað um mikilvægi ofangreindra þátta í vinnu við gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum og leggur áherslu á gæðaeftirlit og hlutlaust mat á allri sinni vinnu.